



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 5.tbl.

Mái 2013

Í tilefni afmælisárs grunnskólans verða „öðruvísi dagar“ annað slagið. Byrjað var á hattadegi miðvikudaginn 17. apríl. Þá mættu allir með hatta og sumir höfðu meira að segja lagt mikla vinnu í að búa þá til. Hér eru þau f.v.Sólrún Petra, Ljósbrá, Einar Kári, Eydís Birta og Dísa Björk með hattana sína.



[www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnosi  
**486-6100** Fax: 486-6120. - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426

Jóhannes Eggertsson 864-6904

**Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. júní 2013.**

Athugið breyttan skilafrest.... langar að hafa útgáfuna um

10. hvers mánaðar í framtíðinni!

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir—[frettabref@skeidgnup.is](mailto:frettabref@skeidgnup.is)

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



Verð með hekkklippur og  
keðjusög í gangi, í sumar eins  
og bensín leyfir!

Tek að mér að klippa og grisja  
garða og sumarhúsalóðir.

Bergur Þór Björnsson

Sími 893-6103




## Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og  
einstaka náttúrufegurð svæðisins. Höfundar:

Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst í Þjórsárstofu og kostar kr. 1.500,-

Góð tækifærisgjöf.



## **Við erum ábyrgir hundaeigendur**

- 1. Við sýnum ábyrgðarkennd í hundahaldi. Við virðum Lög og reglugerðir og það að aðrir kunna að hafa aðrar skoðanir á hundum enn við.**
- 2. Við höfum ætíð gát á hundinum þegar við erum með hann utan dyra, jafnvel þó sé á þeim stöðum sem leift er að hafa hunda frjálsta. Við tökum ekki ólina af honum fyrr en við erum komin þaðan sem umferð er.**
- 3. Við tökum alltaf með okkur plastpoka þegar við erum með hundinn útvið. Létti hann á sér þar sem fólk fer um, stingum við hendinni inn í pokann eins og hanska, grípum um skítinn, snúum pokanum við, hnýtum fyrir og setjum pokann með innihaldinu í næstu ruslatunnu.**
- 4. Við höfum hundinn alltaf í bandi á gönguleiðum þar sem margt fólk er á ferli.**
- 5. Við gætum þess að láta hundinn ekki gelta, til óþæginda fyrir aðra.**
- 6. Við látum ekki hundinn ganga lausan í námunda við barnaleikvelli.**
- 7. Ef óhapp verður og hundurinn veldur tjóni á plöntum þrátt fyrir aðgæslu okkar, tilkynnum það strax og bjóðumst til að greiða skaðabætur.**
- 8. Við forðumst alltaf að láta reiðina ná tökum á okkur ef við lendum í stælum í nærveru hundsins.**
- 9. Við gætum þess að hundurinn “heilsa ekki upp á” fólk sem kærir sig ekki um slíkt.**
- 10. Við gætum þess að hundurinn sé með ól um hálsinn með nafni eiganda, heimilisfangi.**

**Hundafangari sveitarfélagsins:**

**Ragnar Sigurjónsson í síma [859-9559](tel:859-9559).**





**Þjórsárskóli**  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

## Skógarferð

Föstudaginn 19. apríl fórum við í dásamlegri vorblíðu í skóginn okkar. Þemað í þetta sinn var „listir“. Nemendur bjuggu til myndir og listaverk úr efnivið skógarins í aldursskiptum hópum og elstu nemendum leikskólans var boðið með okkur.



## Landnámsvinna

Seinni hluta vetrar hafa nemendur í 3. og 4. bekk fræðst um landnám Íslands. Landnámsvinnan var samþætt við myndmennt og íslensku. Stuðst var við bókina Komdu og skoðaðu landnámið þar sem fjallað er um nokkra landnámsmenn og ýmislegt tengt landnáminu. Einnig voru Landnámsmenn sveitarinnar sérstaklega teknir fyrir, hvar þeir bjuggu og tengsl þeirra. Gluggað var í margs konar bækur, sem segja frá landnámsmönnum og lífi þeirra og internetið kom að góðum notum. Nemendur unnu veggmyndir, fyrst máluðu þeir landslag á arkir, síðan voru landnámsbæir málaðir og límdir á ásamt fólki og fénaði og öðru sem tilheyrði landnámsöld. Dúkkulísur voru notaðar til hjálpar í þessari vinnu, börnin teiknuðu fyrst útlínur eftir dúkkulísum og síðan andlit, hár og föt á mannskapinn eftir smekk hvers og eins. Þetta fannst krökkunum skemmtilegt, landnámsmenn, stórir og smáir, spruttu fram hver af öðrum, dúkkulísvinnan virkaði vel, jafnt hjá strákum sem



stelpum. Nú prýða þessar veggmyndir bekkjarstofu listamanna.

Kveðja,  
Árdís.



## Vináttuverkefni 1. - 2. bekkur

Við í 1.-2.bekk höfum verið að vinna með vináttuna í vetur. Við æfum okkur reglulega í að hrósa hvert öðru, vinna saman og hjálpast að. Í síðustu viku fórum við síðan í vinaæfingar, buðum vinum okkar upp á handanudd og bjuggum til „vinakremju“. Kveðja, Kristín



## Nýsköpun

Mánudaginn 6. maí héldum við hér í skólanum Nýsköpunarmarkað, Flóamarkað og kaffihús með 5.-7. bekk og auk þess sýningu á stærðfræðiverkefnum nemenda í 5.-6.bekk.

Nýsköpunarmarkaðurinn er liður í nýsköpunarkennslu sem kennd er í smíði. Krakkarnir í 5.-7. bekk tóku öll þátt í verkefni vetrarins sem hófst í janúar og fólst í því að leita eftir þörf eða hugmynd að vöru sem þau gætu framleitt. Þau byrjuðu á því að stofna fyrirtæki innan hópana og hófu svo leit eftir verkefnum sem þau urðu sammála um að útfæra og byrjuðu framleiðslu á. Liður í verkefnum var einnig að finna út kostnað á framleiðslunni og að síðustu verðlögðu þau svo vöruna. Á nýsköpunarmarkaðnum kynntu fyrirtækin: Tréföng ehf., Kortakrækjur, Iceola, Jónas og Einarnir, Live longer, Statíf og EVA sig og vöru síðan fyrir gestum sem síðan var boðin til sölu. Viðtökurnar á markaðnum voru frábærar og eftir 15 mínútur var nánast allt selt. Innkoma krakkana var um 26.000, sem þau munu nota til þess að gera eitthvað skemmtilegt saman. Kveðja frá smíðakennara, Lilja.

Framhald á næstu síðu.....



Kaffihúsið og flóamarkaðurinn var liður í fjáröflun nemenda fyrir vorferð þar sem krakkarnir voru búnir að baka í heimilisfræðinni með Sigrúnu og undirbúa allt sjálfir. Þar safnaðist 63.000. Viljum við þakka öllum sem gátu komið og tóku þátt í þessu með okkur. Kveðja, kennarar



# Ferðapjónustan Steinsholti

óskar eftir hrossum til láns í sumar, annað hvort í stakar ferðir eða í lengri tíma, leggjum áherslu á góða meðferð og hóflega brúkun. Upplýsingar í síma



486-6069 eða  
863-8270.

## Aðalfundur UMFG var haldinn í Árnesi 16. apríl s.l



Engar breytingar urðu á stjórn félagsins. Bente Hansen hefur séð um íþróttir fyrir börn í 1-4 bekk eftir skóla á fimmtudögum í vetur í samstarfi við UMF Gnúpverja og UMF Skeiðamanna og hefur verið góð mæting þar, vonast er til að áframhald verði á því næsta vetur.

Ákveðið var að veita einungis ein verðlaun á ári til íþróttamanns eða íþróttakonu ársins en ekki tvenn eins og áður hefur verið.

Íþróttamaður Ungmennafélags Gnúpverja árið 2012 er Stefanía Katrín Einarsdóttir, Hæli. Stefanía hefur æft fimleika með góðum árangri með fimleikafélagi Selfoss.

Hún hefur auk þess hlotið tvöfaldan Íslandsmeistaratitil í borðtennis.

Á myndinni er Stefanía með bikarinn og með henni er Ingvar Þrándarson gjaldkeri UMFG.

Ungmennafélag Gnúpverja vill þakka þeim sem unnu fyrir félagið á Unglingalandsmótinu sl. sumar.

Það er gott að vita að fólk er tilbúið að vinna sjálfbóðaliðastörf fyrir félagið.

Sumarkveðja.  
Stjórnin.



## Leikjánámskeið 2013!



Eins og undanfarin ár tökum við þátt í leikjánámskeiði á vegum HSK dagana 4.-14.júní.

Námskeiðið stendur yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn og eru þau ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeiðið byrjar fyrir hádegi kl. 9:00 og er til kl. 11:30. Íþróttakennarinn Ólafur Guðmundsson kennir á námskeiðinu í ár, líkt og í fyrra.

Mikil áhersla er lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik, alls kyns þrautir og sitthvað fleira.

**Krakkarnir eiga að mæta með nesti!** Kostnaður er kr. 4.000 á barn, kr. 7.000 á systkini. Skráning fyrir 3. júní hjá Láru í síma 486 5514 / 847 5353.

Munið svo eftir íþróttæfingunum í Brautarholti á mánudögum kl. 18 - 19 fyrir 6-16 ára.

Rúnar Hjálmarsson sér um æfingarnar.  
Stjórnin.



Kertasmíðjan Brautarholti

**486 5518**

[www.kertasmidjan.is](http://www.kertasmidjan.is)



***Velferðarþjónusta Árneshöfða í Laugarási***  
***480-1180 Fax: 480-1181 [www.laugaras.is](http://www.laugaras.is)***  
***Félagsmálastjóri : María Kristjánsdóttir***





## REIÐSKÓLINN Í GELDINGAHLÓTI

Nokkur pláss eru laus á eftirfarandi námskeið.

No. 1. 10.-14. júní, mánudag til og með föstudag

No. 2. 24.-28. júní, mánudag til og með föstudag

No. 3. 8.-12. júlí, mánudag til og með föstudag



Upplýsingar í síma 486-6055 og 861-7013.

Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir

# OPIÐ HÚS

**Í minkabúinu Mön,  
Skeiða og Gnúpverjahreppi**

**föstudaginn 17. maí frá kl. 13 til 17**

**laugardaginn 18. maí frá kl. 11 til 17.**

Margs konar fróðleikur um dýrin og búið.

Heitt á könnunni.

Minkaskart til sölu.

Hægt verður að fá að halda á nýfæddum  
minkahvolpum.

Eitthvað fyrir börnin.

**Allir velkomnir sem vilja  
fræðast um búskapinn.**

Katrín og Stefán

## Um vindmyllur tölfræði og ofdekur

Tilfni þessara skrifta er greinarkorn í síðasta fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir Eirík Þorkelsson í Vorsabæ sem hann kallar „Athugasemd við fundagerð“.

Á Íslandi er tjáningarfrelsi. Það er vel. Í sjálfu sér er frelsi til að fara með rangt mál og frelsi til að draga rangar ályktanir.

Þar sem ég reikna með að tekið sé mark á Eiríki og vona að það verði gert áfram, sé ég mig knúinn til að benda á það sem ég tel að betur mætti fara í athugasemdum hans. Forsaga málsins er að Eiríkur sendi erindi til hreppsnefndar þar sem hann fer fram á endurskoðun ályktunnar um skipulagsmál er varðar vindmyllur.

Einshvers staðar var sagt að ef maður endurtæki sömu fullyrðinguna tuttuðu og einu sinni þá trúu fólk henni. Það er líklega ekki rétt. Það er hins vegar rétt sem að Eiríkur segir í grein sinni að hann fékk rúman tíma á fundinum. En þar endurtók hann sömu fullyrðingarnar aftur og aftur, ekkert nýtt, og biðst ég afsökunar á því sem fundarstjóri að hafa ekki takmarkað tíma hans.

Tölfræði er varasöm og auðvelt að draga rangar ályktanir.

Eiríkur bendir á að íbúum sextán ára og yngri hafi fækkað og að hans áliti sé það vegna skorts á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu fyrir foreldra og að það hafi áhrif á búsetuval að ekki sé langt frá vinnustað að leikskóla.

Það er vissulega áhyggjuefni að börnum yngri en sextán ára hefur fækkað í Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá 2009, en að það sanni að það vanti atvinnu er langt til seilst, sérstaklega þegar börnum á leikskólaaldri hefur fjölgað á umræddu tímabili.

Auðvitað þarf nýsköpun í sveitina og meiri fjölbreytni í atvinnulífið, en er það nýsköpun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að framleiða rafmagn?

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur staðið fyrir verkefni sem vakið hefur eftirtekt á landsvísu. Með ljósleiðara inn á hvert heimili er íbúum gert kleyft að taka þátt í stærsta markaði heims, atvinnutækifærin bíða, öllum Eirikum og öðrum íbúum til að grípa þau.

Það er ögrun við nágranna að setja upp vindmyllur og því þarf að vanda til verka.

Skrifleg yfirlýsing frá næstu nágrönnum er heldur þröngt túlkuð en Eiríkur segir: „Kom ég með yfirlýsingu frá næstu nágrönnum um að þeir væru samþykkir því að reistar yrðu tvær vindmyllur.“ Fyrir utan hann sjálfan og frú, var bréf frá einum bæ þar sem íbúar settu sig ekki upp á móti vindmyllum.

Þannig mætti ganga frá deilum um hornstaur í markagirðingu en ekki um vindmyllur.

Eins og allir vita, þar á meðal ég skiptir hver íbúi máli, líka þeir sem ekki hagnast á vindmyllum. Tal um hundruð milljóna fjárfestingu og hugsanlega stórkostlega atvinnuuppbyggingu er jákvæð en að ana út í hlutina hugsunarlaust er ekki ákjósanlegt. Það hafa Danir lært og við gætum lært af þeim.

Í svari hreppsnefndar til Eiríks sem mér var falið að senda honum- eru ágætis rök fyrir ákvörðunum hreppsnefndar. Hvaða aðild Eiríkur á að skipulagsferlinu annað en að vera nágranni er mér óljóst og ekki víst að þurfi að svara honum, en við gerum það samt. Það er kannski ofdekur?

Með vinsemd. Skafti Bjarnason

## Gjaldskrá Búnaðarfélags Skeiðamanna 2013

Lágmarksgjald fyrir öll jarðvinnslutæki er kr. **3.500**

á hvern **sólarhring óháð notkun.**

Gjald á haugtæki fyrir hvern byrjaðan leigusólarhring **óháð notkun** kr. **4.000.**

Komugjald fyrir kornslátturvél er kr. **5.000.**

Ætlast er til að tæki komi **hrein** úr útleigu, ef ekki þá er tekið þrifagjald kr. **20.000.**

**Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á tækjum.**

Nýr umsjónarmaður tækjanna er **Sigurjón Vilhjálmsson, Hlemmiskeiði** og verða tækin nú staðsett við **Búnaðarfélagsskemmuna við Brautarholt.**

Síminn hjá Sigurjóni er **863-7111**

Leigutíma á að senda til Sigurjóns með sms skilaboðum eða símleiðis strax og tæki er skilað.

Næsta tæki verður ekki afgreitt fyrr en tímar eru komnir.

Leiga á loftpressu	1.800 kr/ klst	
Leiga á steypuhrærivél <b>Ný vél</b>	1.200 kr/ tökkugjald	
Leiga á haugsugu 14 tn	4000 kr/ daggjald og 300 kr/km	hl: 1:96
Leiga á haugtanki 18 tn	4000 kr/ daggjald og 300 kr/km	hl: 1:1
Leiga á fjölnotadreifara	4000 kr/ daggjald og 300 kr/km	hl: 1:58
Leiga á pinnatætara	2.400 kr/ klst	
Leiga á vendiplógi	400 kr/ km	
Leiga á plógi	2.200 kr/ klst	
Leiga á plógherfi <b>Nýtt</b>	2.400 kr/ klst	
Leiga á tætara	2.600 kr/ klst + kr 8000 fyrir hvern brotin hnif	
Leiga á sáðbeðsherfi	2.400 kr/ klst	
Leiga á valtara	2.400 kr/ klst	
Leiga á ruddaslátturvél	850 kr/ klst	
Leiga á flaghefli	600 kr/ klst	
Leiga á stórum kornsnigli	360 kr/ tn	
Leiga á kornsnigli	300 kr/ tn	
Kornsláttur	20.000 kr/ klst	
Leiga á kornvalsi	2.400 kr/ klst	
Leiga á kerru	5.000 kr/ daggjald	

## Fréttir frá Leikholti

**Árshátíð** Leikhólts var haldin hátíðleg síðasta vetrardag. Hóparnir í Stórholti sýndu frum-samin leikrit og þar komu fram ýmsar persónur, m.a. tröll, álfar, úlfur og fleira. Krakkarnir stóðu sig með þrýði. Börnin í Smáholti sungu Tröllalagið og í lokin sungu öll börnin saman nokkur



Smáholtsbörnin syngja tröllalagið!



Hvalahópur

lög m.a. Kalli litli kónguló á nokkrum tungumálum!

Já, þau eru ekkert smá dugleg og við erum mjög stoltar af þessum frábæra barnahópi.

Í lokin var boðið upp á kaffihlaðborð, en foreldrar komu með veitingar. Við þökkum öllum gestum, sem voru alveg ótrúlega margir, fyrir komuna.

Í byrjun maí byrjuðu tveir drengir

hjá okkur, Jörundur Tadeo og Már Óskar, við bjóðum þá velkomna í leikskólann okkar. Nú eru 35 börn í Leikholti og von á einu í lok maí. Síðan fer þeim heldur að fækka, elstu börnin fara að kveðja okkur og nokkur til viðbótar.

Vorið er komið og grundirnar gróa. Það er marget spennandi í gangi í Leikholti í

maí. Í síðustu viku fóru hóparnir í Stórholti með Sigrúnu í langa langa gönguferð með nesti. Þessa vikuna eru lambaferðir á döfinni.

Hóparnir í Stórholti fara gangandi á Hlemmiskeið að skoða lömbin, búskapinn og grilla pylsur.

Börnin í Smáholti fara gangandi í fjárhúsin til Alla og Elínar og skoða lömbin þar.



Hestahópur

## Framundan:

Í lok maí fara börnin í Stórholti í heimsókn til Sigrúnar á Kálfhóli, útskriftarferð elstu barna verður 28. maí, sundnámskeið hjá Guggu í lok maí, setja niður kartöflur og fræ. Vorhátíð Leikhólts og foreldrafélagsins Leiksteins verður haldin hátíðleg 30. maí nk. Hátíðin mun byrja um kl 11. Afar, ömmur, foreldrar og systkini hjartanlega velkomin. Já, það er sko mikið að gera hjá okkur í Leikholti!

## Krakkahópur




Kær sumarkveðja frá öllum í Leikholti. Sigríður Björk G. Leikskólustjóri.

# Menn og Málefni!



Þann 1. maí eignuðust þau Eva Björk Birgisdóttir frá Hraunteigi og Karl Brynjar Larsen, Selfossi sitt annað barn sem er drengur og vó hann 3.860 gr. og 53 cm. Hann á eldri bróður sem heitir Hrafn Óli og er tveggja ára. Fjölskyldan býr á Selfossi. Hjartanlega til hamingju með litla herra manninn.




Þann 7. maí varði Lilja Jóhannesdóttir, Sléttabóli, Mastersritgerð sína sem fjallar um “samanburð á líffræðilegri fjölbreytni fugla í mismunandi búsvæðum á Suðurlandi” Þar með hlýtur hún Mastersgráðu í náttúru- og umhverfisfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Innilegar hamingjuóskir með þennan áfanga Lilja.

## Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.  
Kveðja góð,  
Vilborg í Skarði



## Kirkjustarfið í Stóra-Núps og Ólafsvallasóknum!


Hátíðarguðspjónusta í Ólafsvallakirkju  
Hvítasunnudag, kl. 11:00.

Hátíðarguðspjónusta í Stóra-Núpskirkju  
annan í Hvítasunnu kl. 14:00.

Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir

Prestur: Sr. Halldór Reynisson

Sími prestakallsins er 856-1572



## Stórkeppnin Brokk & Skokk

Ágætu sveitungar takið  
frá sunnudaginn 23. júní n.k.

En þá verður haldin, í fyrsta skipti á Íslandi,  
keppnin Brokk & Skokk.

Nánari upplýsingar verða sendar út síðar en til

að fá einhverja hugmynd um þessa keppni er hægt að skoða þessa síðu <http://www.rideandtie.org/>. Nú er um að gera að fara að þjálfra og mæta í keppnina. 😊

Sjáumst hress og kát!

Hestamannafélagið Smári og Ungmennafélög- Gnúpverja,

Skeiðamanna og Hrunamanna.



## Landbótadagur!

### Landbótafélags Gnúpverja

verður haldinn Laugardaginn 8.júní inn við Sandafell.

Þar eru næg verkefni bæði fyrir hendur og vélar.

## Allir Velkomnir.

Skráning í ferðina er hjá Bjarna í Háholti S:862-4917.

Stjórnin.



Kæru vinir og vandamenn

Laugardaginn 25. maí verð ég fertug.

Af því tilefni held ég veislu í Brautarholti kl. 20.

Mér þætti vænt um að sjá ykkur.

Kveðja, Lára Bergljót.



## Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn fimmtudaginn 23. maí kl. 20:30 á veitingastaðnum *Eldhúsið* við Tryggvagötu 40.

### Dagskrá:

Fundargerð

Upplýsingar frá ársfundi SSK

Starfið framundan

Önnur mál



Á fundinum verður árgjaldið rukkað (kr. 2.500).

Fyrir fundinn, eða um kl. 20:00, er hægt að fá matarmikla kjúklingasúpu og brauð á kr. 1.850. Einnig verður búðin “*Tvær saman*” í Gagnheiði opin fyrir okkur frá 19-20.

Þær sem ætla að mæta í matinn eru beðnar um að tilkynna þátttöku fyrir 21.maí til Jóhönnu í síma 864-6101 eða Matt-hildar í síma 893-5636.

Sameinumst í bíla við Kertasmiðju kl. 18:30. Einnig er hægt að koma beint í súpu eða bara á fundinn.

Nýjar konur velkomnar,

*Stjórnin*

#### **44. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnasi þriðju- daginn 07. maí 2013 kl. 13:00.**

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Sigrún Guðlaugsdóttir en hún mætti í forföllum Gunnars Arnar Marteinsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Liður 15 erindi vegna Þjórsárstofu. Liður 16 fundargerð umhverfisnefndar.

Hann óskaði eftir að þessum málum yrði bætt á áður boðaða dagskrá.

Auk þess kynnti hann að Torfi R. Sigurðsson lögmaður hjá Lögmonnum Suðurlandi væri mættur til fundar. Hans var óskað á fundinn vegna mála nr. 1 og 2 á dagskrá fundarins. Ekki komu fram athugasemdar við þessar breytingar. Auk þess höfðu boðað komu sína Ólafur Jóhannsson og Anna Sigríður Valdimarsdóttir frá Stóra-Núpi, Finnbogi Jóhannsson Minni-Mástungu og Viðar Gunngeirsson Ásum. Sveitarstjórn samþykkti að leyfa upptöku á umræðum um mál 1 og 2.

1. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála um deiliskipulagstillögu að minkabúi að Ásum.

Torfi Sigurðsson HRL tók til máls og fór yfir úrskurðinn. Hann lagði áherslu á að skipulagstillagan hefði verið felld úr gildi ásamt byggingaleyfi. Hann gat þess hvaða þýðingu það hefði. Tvennt væri í stöðunni. Annað hvort að láta staðar numið og málinu lokið. Ef málið yrði tekið upp aftur yrði að svara ákveðnum atriðum með því að fá utanaðkomandi óháða aðila til að fjalla um atriði sem í úrskurðinum var bent á að rannsaka þyrfti betur. Um er að ræða staðsetningu og lýsingu á því hvaða áhrif bygging hússins hefur og hvort aðrir staðir komi til greina. Æskilegt væri að fá til dæmis verkfræðing til mats á áðurnefndu. Auk þess væri jafnvel æskilegt að meta lyktaráhrif að mati Torfa.

Sveitarstjórn myndi í framhaldi hafa þann möguleika að taka skipulagið aftur fyrir til samþykktar. Ekki væri fundið að málsmeðferðinni í úrskurðinum.

Áhersla var lögð á að vantað hefði á að áðurnefndum atriðum hefði verið svarað.

Torfi kvaðst ekki taka afstöðu til úrskurðarins. Algengt væri að óskað væri eftir ítarlegri gögnum í málum sem þessum en það væri misjafnt eftir eðli mála. Í þessu tilfalli væri um óvenjulega byggingu að ræða.

Benti á að málefnalega afstaðan væri í höndum sveitarstjórnar. Ef sveitarstjórn ákveður að taka upp málið aftur ætti ákvörðunin að verða meira upplýst en hún var þegar málið var afgreitt á síðasta ári.

Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun:

Úrskurður í máli nr. 131/2012, frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála- Kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 4. september 2012 um að samþykkja deiliskipulag fyrir minkabú á spildu úr landi jarðarinnar



Ása í nefndum hreppi.

Kærendur eru sjö eigendur jarðarinnar Stóra- Núps og Sjálfseignarstofnunin og Guðfinnur Jakobsson Skaftholti.

„Úrskurðarorð:

Fellð er úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 4. september 2012 um að samþykkja deiliskipulag fyrir minkabú á spildu úr landi jarðarinnar Ása í nefndum hreppi.“

Úrskurður nefndarinnar byggir úrskurð sinn á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, sem hún gerir eftirfarandi athugasemd við:

„Úrskurðarnefndin hefur ekki fundið skýringar á tilurð reglu þessarar eða á því hvaða hagsmuni henni var ætlað að verja. Nefndin metur hins vegar ekki stjórn-skipulegt gildi hennar og verður því til hennar litið við úrlausn málsins.“

Einnig tiltekur nefndin 10. og 12. grein stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn metur það svo að ÚUA hafi fellt ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 4. september 2012 úr gildi vegna þess að rökstuðningur var ekki nægur fyrir ákvörðuninni.

Lögmaður íbúa Ása og eigenda Steinkers ehf óskar eftir því í bréfi dags.30.04.2013. „Að bætt verði úr ágöllum á málsmeðferðinni og að athugun lokinni verði eftir atvikum samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir fyrirhugað minkabú á jörðinni.“

Sveitarstjórn mun því fá þar til bæra aðila til að meta hvar og hvort staðsetja megi fyrirhugað minkabú í landi Ása áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi eigenda Stóra-Núps vegna skipulagstillögu að minkabúi að Ásum um að sveitarfélagið greiði þann lögfræðikostnað sem þau hafa lagt út í vegna málsins.

Torfi kvað ekki æskilegt að gefa álit án þess að málið yrði skoðað nánar. Það væri varhugavert upp á fordæmisgildi að gera. Í því máli sem vitnað væri til væru aðstæður öðruvísi en í því tilfelli sem hæstiréttur hefur dæmt í nr. 444/2008.

Málinu var hafnað af sveitarstjórn á þessu stigi og var Torfa lögmanni og sveitarstjóra falið að skila greinargerð um málið fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

3. Ársreikningur sveitarfélagsins 2012. Seinni umræða.  
Ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Stækkun friðlands í Þjórsárverum. Sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps samþykkir fyrir sitt leyti friðlýsingarskilmálana og auglýsingu þeirra.  
Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps fagnar því að áratugalangt baráttumál sveitunga okkar og fleiri um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er að verða að veruleika og bendir á að fylgja þarf fast eftir að upplýsingar og eftirlit með Þjórsárverunum verði eins og lagt er upp með. Samþykkt samhljóða.

5. Umsókn um rekstur gististaðar að Hraunvöllum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.

6. Erindi frá sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.

Kristjana Gestsdóttir útskýrði erindið er varðaði endurbætur kirkjugarðsins við Stóra-Núpskirkju. Samþykkt að veita til verksins allt að 1,5 mkr og sveitarstjóra og oddvita falið að fylgjast með framvindu verksins.

7. Beiðni um styrk til Skólahreysti. Beiðni samþykkt samhljóða að veita 50.000 kr styrk.

8. Tillaga almannaverndarnefndar um uppbyggingu stjórnstöðva. Framkomin tillaga samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn um verkefnið.

9. Samningur SASS og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um almenningssamgöngur. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ganga frá og undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Tillaga um fulltrúa í rýnihóp um safnastefnu í Uppsveitum Árnessýslu. Samþykkt samhljóða að tilnefna Odd Bjarnason í rýnihópinn og Sigrúnu Guðlaugsdóttur til vara.

11. Erindi frá Landsvirkjun um framkvæmdir í Kálfá. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirhugaðar framkvæmdir.

12. 58. fundur Skipulags og bygginganefndar. Mál nr. 2,5,11,28,29 og 30 þarfnast staðfestingar.

Mál nr. 2: Fyrirspurn\_Húsatóftir 1C – breytt notkun lóðar.

Til viðbótar við gögn sem tekin voru fyrir í nefndinni liggur nú fyrir bréf aðliggjandi íbúðarhúsaeygenda dags. 28. apríl 2013 um að hann sé samþykkur málinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar um að heimila breytingu á hesthúsi á lóðinni í íbúðarhús með fyrirvara um að það samræmis gildandi byggingarreglugerð.

Mál nr. 5: Frkvl. Kálfá - stíflumannvirki.

Til viðbótar við gögn sem tekin voru fyrir í nefndinni liggur nú fyrir leyfi eygenda Miðhúsa 1 og 2 dags. 23. apríl 2013 auk leyfis Fiskistofu dags. 24. apríl 2013. Sveitarstjórn samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir byggingu seiðagildru og stíflu fyrir fiskiteljara við Kálfa sbr. umsókn dags. 17. apríl 2013.

Mál nr. 9: Afgreiðslur byggingarfulltrúa. Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars til 19. apríl 2013.

Mál nr. 11: LB\_Norðurgarður – ny 32.685 fm lóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og frestar málinu vegna ófullnægjandi gagna.

Mál nr. 28: DSK Húsatóftir 2 lnr, 166472. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagið að nýju.

Mál nr. 29: Dskbr. Réttarholt og Árnes

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir-breytinguna skv. 2. Mgr. 43. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara umsögn Vegagerðarinnar og niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 30: Þjóðlundur\_Skeiða- og Gnúpv.hr. – stofnun lands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að þjóðlendurnar Flóa- og Skeiðamannaafréttur, Búrfells- og Skelja-fellsland, Landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal og Gnúpverjaafréttur verði stofnaðar.

13. Samningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Skógræktar ríkisins annars vegnar og Hreggnasa ehf hins vegar. Samningur Staðfestur án athugasemda.
14. Framkvæmdir við gámasvæði við Árnes og fráveitu í Brautarholti. Lagðar voru fram áætlaðar kostnaðartölur þar að lútandi.  
Samþykkt að bjóða út framkvæmdir við gámsvæði neðan við Árnes ásamt gámaplani. Samþykkt að semja án útboðs við verktaka um framkvæmdir við fráveitu í Brautarholti. Sveitarstjóra falið að halda utan um verkefni.
15. Þjórsárstofa. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ráða starfsmann í hlutastarf við veitingar í Þjórsárstofu í sumarið 2013 í samráði við Landsvirkjun.
16. Fundargerð umhverfisnefndar. Fundargerð lögð fram og samþykkt.

### Mál til kynningar

- A. Fundargerð 149 fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- B. Markaðsskrifstofa Suðurlands. Framvinduskýrsla.
- C. Fundur stjórnar SASS nr. 466.
- D. Fundargerð 805 fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- E. Tillaga að skipuriti SASS.
- F. Starfsleyfi í Árnesi.
- G. Fundargerð 2.fundar fagráðs BÁ.
- H. Ytra mat á grunnskólum.
- I. Rammaskipulag í Þjórsárdal.
- J. Skýrsla sveitarstjóra.
- K. Niðurstaða stefnumótunarhóps SASS.
- L. Orlof Húsmæðra.
- M. Fundargerð NOS nefndar.
- N. Úthlutun úr Fjallvegaskjóði.

Fundi slitið kl 16:13.

Næsti fundur ákveðinn 4. júní næstkomandi.

# Mánaðarmolinn!

Hafinn er nýr vettvangur hér í Fréttabréfinu sem við kjósum að kalla “Mánaðarmolann.” Þar verður lagður til margs konar fróðleikur úr sveitinni í formi mynda, örnefna eða frásagna eða annað það er á fjörum ritstjóra kann að finnast. Gaman væri að fá upplýsingar frá lesendum sem hafa yfir að ráða fróðleik og t.d. vita af örnefnum sem kannski eru á leiðinni að glatast, eiga gamlar myndir af einhverjum atburðum eða öðru sem gaman er að halda til haga, eins og t.d. þessi mynd en laugardaginn 18. maí nk. verða veggspjöld um **Ferjumanninn í Þjórsárholti** formlega afhent samgöngusafninu á Skógum.




Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Tourism and marketing representative, sendi þessa fréttatilkynningu á fjölmiðlana þar sem það voru börn Elísabetar Jónsdóttur, frá Þjórsárholti, sem fóru af stað með þetta verkefni, sem nefnist **Ferjumaðurinn**, og fengu til þess styrk frá Menningarráði Suðurlands árið 2012. Lögferja var í Þjórsárholti allt til 1966 og áður en brú var byggð yfir Þjórsá var ferjan í Þjórsárholti ein aðalsamgönguleiðin milli uppsveita Árnes - og Rangárvallasýslna og upp á hálandið.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Jón Jónsson bónda í Þjórsárholti og Ólaf Bergsson á Skriðufelli sem heldur í hestana. Myndin er tekin árið 1927 af Guðmundu Jónsdóttur símadömu úr Reykjavík.

KHG.

# Á bak við eldavélina!

Það er hún Camilla Fors í Brautarholti sem leggur til girnilegan sumarrétt þennan mánuðinn.



Takk fyrir áskorunina Lilja. Ég hef alltaf borðað vel og borða allan mat. Pabbi sagði að ef ég borðaði ekki þá væri eitthvað alvarlegt að mér. Uppáhaldsmaturinn hjá mér er kjötsúpan hennar Kristínar tengdamömmu. (Ég get borðað hana endalaust).

En þar sem ég er nú Svíi verð ég að vera með síld, sem mér finnst góð.

Sumarmatur fyrir mér er;

Síld- kryddsíld (matjesill )

Sýrður rjómi blandaður saman við graslauk.

Helst með nýjum kartöflum úr eigin garði.

Ekki spillir eitt stauþ af íslensku brennivíni.

Í eftirrétt íslensk jarðaber og rjómi, alltaf svo gott.

Ef það er afgangur af síldinni og kartöflunum er upplagt að gera síldarsalat.

Nubberöra eins og við Svíar segjum.

2 skrældar kartöflur

1 harðsoðið egg

200 gr. Kryddsíld.

3 msk klipptur graslaukur.

2 msk. dill (ekki nauðsynlegt)

2 msk. majónes

1 ½ dl. sýrður rjómi og smá salt.

Blanda öllu saman. Láta standa á köldum stað til að fá bragð.

Svo er bara að borða, helst ofan á hrökkbrauði og með einum köldum. Mm svo gott.

Ég ætla að skora á hana Habbý- Hrafnhildi Magnúsdóttur í Brautarholti. Hún er afbragðskokkur og frábær nágrannakona.

Takk fyrir mig.

Camilla Fors



## Viljum ekki vindmyllur í bakgarðinn okkar?

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ákvað í vetur sem leið að hafna breytingu á aðal- skipulagi í landi Vorsabæjar 1 þar sem farið var fram á heimild til að breyta landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði og reisa tvær vindmyllur (vindrafstöðvar) sem ná hæst í 74 metra hæð.

Árið 2005 festu undirrituð kaup á tæplega 24 hektara spildu úr landi Vorsabæjar 1 til að eignast haga fyrir hestana okkar og stað fyrir frístundahús. Spildan var deiliskipulögð og samþykkt í sveitarstjórn að breyta henni í frístundabyggð. Á þeim tíma sem liðinn er höfum við byggt upp svæðið og njótum þess að eiga griðarstað í fegurð og friðsæld Skeiðanna.

Í sumarlok síðasta árs kom í ljós að búið var að selja annan skika úr landi Vorsabæjar 1. Kaupandinn hafði áform um mikla uppbyggingu sem hverfðist um að reisa tvær vindmyllur, allt að 74 metra háar, sem staðsetja skyldi í rúmlega kílómetra fjarlægð frá húsum okkar.

Okkur var sannanlega brugðið, enda engin fordæmi fyrir vindrafstöðvum af þessari stærðargráðu á Íslandi áður, hvað þá heldur í bakgarði fólks. Sjónmengunin er greinileg og margar rannsóknir erlendis benda til að lágtíðnihljóð frá vindmyllum valdi fólki ómældum óþægindum.

Erlendis, einkum þar sem vandkvæði er á raforkuframleiðslu, hafa risið vindmyllubreiður með áberandi sjónmengun, hávaða og skerðingu á lífsgæðum fyrir þá sem næst búa. Við sendum athugasemdir til skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps stuttu eftir að fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Vorsabæjar var auglýst. Í þeim komu fram þau sjónarmið að við teldum að mannvirki af þessari stærðargráðu eigi ekki heima í miðri byggð sem skartar víðsýni og náttúrufegurð.

Einnig að staðsetning mannvirkja á borð við þessar risastóru vindmyllur kallaði á meiri umræðu og lýðræðislega ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins - og að með byggingu myllanna væri gæðum og verðmætum eigna okkar á svæðinu ógnað.

Málinu var vísað til Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar. Í umsögnum þessara stofnana kom m.a. fram að vanda þurfi staðarval fyrir vindrafstöðvar af þessari stærðargráðu og meta sameiginleg sjónræn umhverfísárhif frá raflinum sem fyrir eru og hugsanlegum vindrafstöðvum. Í umfjöllun Umhverfisstofnunar segir ennfremur að mikilvægt sé fyrir sveitarfélagið að fara í umræðu um framtíðarsýn varðandi vindorku. Slíkt gæti verið of seint þegar einhver fjöldi vindrafstöðva hefur þegar verið reistur.

Í ljósi þessa og vegna áframhaldandi umræðu um byggingu vindmylla á spildunni óskuðum við eftir að fá að mæta á fund sveitarstjórnar þann 8. janúar sl. Sveitarstjórn hefur síðan fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að hafna breytingu á deiliskipulagi Vorsabæjar 1 þar sem gert væri ráð fyrir byggingu tveggja stórra vindmylla. Fyrir það erum við þakklát og teljum að með því hafi sveitarstjórnin tekið skynsamlega ákvörðun í máli sem krefst ítarlegrar stefnumótunar til framtíðar.

Bygging vindmylla getur vissulega átt rétt á sér en til þess þarf að gera rannsóknir og skoða málið frá öllum hliðum. Ef til vill er tilraun Landsvirkjunar með byggingu vindmylla á Hafinu ofan Þjórsárdals innlegg í þá umræðu.

Við hvetjum íbúa sveitarinnar til að skoða þau stóru mannvirki sem einhver myndi segja að væru á réttum stað innan um stíflur og önnur virkjanamannvirki utan alfaraleiðar.

Slík mannvirki geta varla átt heima í bakgarðinum okkar – mitt á milli bæja í blómlegri sveit.

*Hreiðar Sigtryggsson, Salóme A. Þórisdóttir, Árni Stefán Jónsson og Helga Ingibergsdóttir.*

*Eigendur sumarhúsa undir Vörðufelli á Skeiðum*



## Þjórsárstofa opnar 2. júní n.k.

Af því tilefni er boðið til smá athafnar  
kl. 15:00-17:00.

Opið í sumar alla daga frá kl. 09:00—17:00

Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.

Sveitarstjóri.

## Opnunartímar gámasvæða frá 01. júní

í Skeiða og Gnúpverjahreppi eru eftirfarandi:

**Við Árnes:** þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:00—17:00 og  
laugardaga kl 10:00 - 12:00.

**Við Brautarholt:** mánud. og miðvikud. kl 15:00 – 17:00  
og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahæjum utan auglýsts opunar-tíma er bent á að hafa samband í síma 893-4426. Reglur um flokkun aðgengilegar á [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is) Góðfúslega kynnið ykkur þær. Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

## Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00 út júní!

Nú er um að gera að taka góðan sprett í að lesa!

S: 486-5505 [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is)

[bokasafn@skeidgnup.is](mailto:bokasafn@skeidgnup.is)





## Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2013

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón

Einars í Heiðarbrún. Sími: **848-1619**

**Gjaldskrá 2013** gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.000,- pr. klst.
Haugsguga 11,5 T	11.000 kr pr. dag
Haugsguga 13,5 T	12.000 kr pr. dag
Skádæla	7.000 kr pr. dag
Brunndæla	7.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	7.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.000 kr/klst,
Hnífatætari <b>Nýr</b>	3.000 kr/klst,
Flaghefill <b>Nýr</b>	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél <b>Ný vél</b>	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	6.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	4.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.000 kr/dag
Fjölnotakerra ( <b>Ný kerra</b> ) ( tveimur fétum lengri en sú gamla)	5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þríf, en það er **15.000 kr.**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !! Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

**Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.**

**Sumarkveðja.  
Búnaðarfélag Gnúpverja**



**Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300**

**Opið virka daga kl. 8:30-16:30.**

**Símatímar lækna virka daga**

**kl. 9-9:30 og 13-13:30**

**Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112**

**Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655**

## **VIOLA snyrtistofa!** Högnastíg 1 Flúðum

**GUINOT** húðvörur fyrir dömur og herra

**ALESSANDRO** naglalökk og gloss

**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

**Tímapantanir í síma: 856-1599**



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA**



**Í ÁRNESSÝSLU.**

**Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3**

**sími: 533 2211.**

**Mánudaga til föstudaga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.**

**Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.**

**Upplýsingar í síma:**

**856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán**



Kynnið ykkur fjöl-  
breytta viðburðadag-  
skrá á [www.upplit.is](http://www.upplit.is)  
allir velkomnir!



**Laugarvatn Fontana** býður ykkur að njóta gufunnar  
í vetur. Síminn okkar er sem áður 486 1400.  
Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00

## ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18  
LAUGARDAGA 11-14



**Flúðaleið ehf**



*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00**

**Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

**Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

**Símar hjá bílstjórum:**

**892-2370- Pálmar**

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

# Í sauðburðinn

## Lambaduft

6.990,-



## LactoStart



Bætiefnakögglar fyrir lambær og hámjólka kýr. LactoStart inniheldur probylenglycol, nýacíní, seinuppleystum próteínum ásamt öðrum bætiefnum til að fyrirbyggja súrðoða og bæta meltinguna.

### Fóðrun:

Síðustu þrjár vikur fyrir burð 0,5 kg. á dag

Eftir burð 0,5 - 2,0 kg. á dag í 3 - 6 vikur

### Fyrir sauðfé:

Allt að 100 gr. á dag við og eftir burð

## Lambapeli 1 líter



## Lambatúttufötur

5 túttu 8 L



6 túttu 8 L



## Burðarslím



## Lamb-Aid



Bætir meltinguna og styrkir ónæmiskerfið. Eykur móttöðu gegn hnýslasótt.

## Handgerileyðir



## Lambasnara



## “Klaufa” klippur



## Markatöng



## Varpkögglar og ungapóður

Nú er ungapóðrið komið



## Útsæði



Gullauga

Rauðar

Premier



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

# Opnunartími sundlauga til 08. 06. 2013 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Opið um Hvítasunnuna!**

**Neslaug s:486-6117**

**Laugardagur 18. maí 09:00 - 15:00**

**Hvítasunnudagur 19. maí 09:00 - 15:00**

**Annar í Hvítasunnu 20. maí 09:00 - 15:00**

**Annars opið til 8. júní**



**Þriðjudaga: 18 – 22**

**Laugardaga 09—12**

**Skeiðalaug s:486 5500**

**Laugardagur 18. maí 13:00 - 17:00**

**Annars opið til 8. júní**

**Fimmtudaga: 18 – 22**

**Laugardaga 13—16**

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri sem eiga**

**lögheimili í sveitarfélaginu.**

**Vörur tengdar sundi til sölu!**

**Umsjónarmaður.**

